

# 234. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 28. JÚLÍ 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Málsmeðferð fyrir Gerðardómi.
- 3) Farið yfir stöðu Biskupsstofu (06-701) m.t.t. kirkjujarðasamkomulagsins.
- 4) Hvaða leið er vænlegust til árangurs?
- 5) Kirkjuþing 14. ágúst nk.
- 6) Ímynd Þjóðkirkjunnar.
- 7) Önnur mál.
  - a) Aðalbókari Biskupsstofu hefur sagt upp störfum.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Gestur Jónsson hrl. sat fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2.

Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókari Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliðum 1, 2, 3 og 6.

Jón Þorvaldsson framkvæmdastjóri Eflis almannatengsl ehf. og kollegi hans sátu fundinn undir dagskrárlið 6.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 233. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. MÁLSMEÐFERÐ FYRIR GERÐARDÓMI

---

Kirkjuþing 2014 samþykkti ekki tillögu innanríkisráðherra um niðurskurð á kirkjujarðasamkomulaginu heldur vísaði tillögunni til kirkjuþings 2015.

Gestur Jónsson hrl. kynnti málsmeðferð.

---

## 3. FARIÐ YFIR STÖÐU BISKUPSSTOFU

---

Aðalbókari Biskupsstofu kynnti stöðu 06-701 Biskupsstofu m.t.t. kirkjujarðasamkomulagsins.

---

## 4. HVAÐA LEIÐ ER VÆNLEGUST TIL ÁRANGURS?

---

Biskup Íslands boðaði til fundar í Neskirkju þann 10. júlí sl. varðandi vanefndir ríkisins á kirkjujarðasamkomulaginu. Biskup boðaði aðal og varamenn í kirkjuráði, vígslubiskupa, starfsfólk Biskupsstofu, prófesta, fv. forseta kirkjuþings, forsætisnefnd kirkjuþings og formenn fastanefnda kirkjuþings, fulltrúa Prestafélagsins, lögmenn og almannatengslafólk. Kirkjuráð samþykkti að beita sér fyrir því að kirkjujarðasamkomulagið verði efnt vegna ársins 2015.

---

## 5. KIRKJUÞING 14. ÁGÚST NK.

---

Kirkjuþing verður haldið 14. ágúst nk. þar sem tillaga innanríkisráðherra til þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar verður á dagskrá. Kirkjuráð samþykkti að leggja til að tillögunni verði hafnað á kirkjuþingi.

---

## 6. ÍMYND ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Framkvæmdastjóri Eflis ehf. fjallaði um ímynd þjóðkirkjunnar.

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

- Aðalbókari Biskupsstofu hefur sagt upp störfum. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:11.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 11. ágúst nk.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson, ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.